

Reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum

Um bikarmót

1. Keppa skal í eftirfarandi flokkum hjá hvoru kyni:

	2021/2022	2022/2023	2023/2024
U13	2010 2009	2011 2010	2012 2011
U15 (FIS SS, BA)	2008 2007	2009 2008	2010 2009
U17 (FIS SS, BA, SBX)	2006 2005	2007 2006	2008 2007
Fullorðinsflokkur (FIS SS, BA og SBX)*	2008 og eldri	2009 og eldri	2010 og eldri

*Nema ef SBX er FIS mót þá er fullorðinsflokkur U17 og eldri.

2. Halda skal tvö (2) bikarmót auk Snjóbrettamóts Íslands.

Fyrri bikarmót (TTR)	SS (SBX eða BA val hjá mótshaldara)
Seinna bikarmót (FIS)	SS (SBX eða BA val hjá mótshaldara)
Snjóbrettamót Íslands (FIS)	SS og BA

3. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslitum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við snjóbrettanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til snjóbrettanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal snjóbrettanefnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin og/eða ákveðnar greinar, getur snjóbrettanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti og/eða breytt greinum eftir aðstæðum.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.

7. Verðlaun á bikarmótum:

Fullorðinsflokkur*	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U17	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U15	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U13	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

* ekki skal veita sérstöku verðlaun fyrir FIS/TTR mót. Einungis eitt sett af verðlaunum fyrir allan fullorðinsflokkinn.

Verðlaun í lok hvers tímabils fyrir bikarmeistara:

Fullorðinsflokkur	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U17	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U15	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
U13	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

8. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður og/eða dómnefnd, sem skipaður/skipað er af SKÍ eða FIS, skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.

9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS.

Útreikningur á bikarstigum – Snjóbretti

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreikningsúrslita.

2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig



3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrír efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirfarandi flokki verðlaun:
 - U13 og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.

Samþykkt á skíðþingi 30.október 2021